

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2016, fimmtudaginn 17. nóvember, var haldinn 150. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Sjóminjasafninu á Granda og hófst kl. 11.30. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Jóhannes Stefánsson, Teitur Atlason og Rakel Dögg Óskarsdóttir áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir em horist hafa hverfisráði vesturbæjar, alls 3 umsóknir., Prettándahátíð Vesturbæjar og frá Handknattleiksdeild KR. Hverfisráðið Samþykkt að styrkja Hjólað óháð aldri og Prettándahátíð Vesturbæjar um 150.000 kr. Öðrum styrkumsóknum hafnað.
2. Fram fer umræða um næsta fund hverfisráðsins sem verður um skólamál. Verkefnisstjóra Þjónustumiðstöðvarinnar var falið að gera drög að fundaráætlun þar sem skólar hverfisins verða heimsóttir einn af öðrum.
3. Fram fer umræða um Aðalskipulag Reykjavíkur- íbúðarbyggð og blönduð byggð 2010-2030.
 - kl. 11.50 tekur Marta Guðjónsdóttir sæti á fundi
4. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Hverfisráð Vesturbæjar óska eftir því að umhverfis og skipulagssvið fari í það að laga götuna milli leikskólans Hagaborgar og Neskirkju í áttina að Melaskóla. Gatan er mjög holótt og fer mikil umferð um götuna þar sem þar eru bílastæði fyrir Neskirkju, leikskólann Hagaborg, Melaskóla og íþróttahús Hagaskóla. Einnig er nauðsynlegt að klippa trén við íþróttahús Hagaskóla þar sem þau nálangt inn á gangstéttina og er það nauðsynlegt fyrir öll þau börn og foreldi sem ganga þarna um á leið í skóla- og leikskóla. Gangstéttin sem liggur meðfram íþróttahúsi Hagaskóla er líka mjög illa farin og mikil þörf er á nýrri gangstétt þar sem hellurnar eru flestar brotnar og skapar þetta slyshættu fyrir börn. Einnig mætti athuga hvort ekki væri rétt að hafa gangbraut á Neshaga yfir í Melaskóla þar sem margir ganga beint út af skólalóðinni við skúrana á lóð Melaskóla yfir á bílastæðin við neskirkju og Hagaborg.

Samþykkt.

5. Fram fer umræða um sundlaug Vesturbæjar.

Hafliði Halldórsson, forstöðumaður Sundlaugar Vesturbæjar, tekur sæti undir þessum lið.

- Kl. 12.10. taka Snorri Ástráðsson, Arndís María Ólafsdóttir, Ásta Rún Ingvadóttir, Karólína Einarisdóttir og Erla Sverrisdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 12.30 viku Teitur Atlason af fundinum.
- Kl. 12.30 tekur Bjarni Þór Sigurðsson sæti á fundi

6. Fram fer umræða um málefni ungmenna í hverfinu.

Dagur B Eggertsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 13.08

Sverrir Bollason

Bjarni Þór Sigurðsson
Jóhannes Stefánsson

Marta Guðjónsdóttir